



Jóhanna Einarsdóttir

Lýðræði, umhyggja og hæfni í Aðalnámskrá leikskóla

► Um höfund ► Efnisorð

Í rannsókninni sem kynnt er í þessari grein er sjónum beint að þeim gildum og því gildismati sem fram kemur í stefnu leikskóla á Íslandi. Gildin lýðræði, umhyggja og hæfni voru einkum til skoðunar og voru þau valin þar sem þau mynda rauðan þráð í Norrænum leikskólanámskrám. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á þeim gildum sem sett eru fram í Aðalnámskrá leikskóla (2011) og starfsfólki íslenskra leikskóla er ætlað að miðla til leikskólabarna. Rannsóknin er hluti af norrænu rannsóknarverkefni, Values education in Nordic preschools: Basis of education for tomorrow, sem styrkt var af NordForsk. Verkefnið hafði það að markmiði að rannsaka þau gildi sem norrænir leikskólar byggja starf sitt á og skoða og greina hvernig þeim gildum er miðlað til leikskólabarna. Í þeim hluta rannsóknarinnar sem hér er kynnt var þemagreining notuð til að leita uppi og greina mynstur í námskránni og málfarsleg greining var jafnframt gerð á textanum. Niðurstöðurnar varpa ljósi á það hvernig gildin lýðræði, umhyggja og hæfni birtast í aðalnámskránni.

► About the author ► Key words

Democracy, care and competences in National Curriculum Guidelines for Preschools

In the study presented in this article, the focus is on the values identified in Icelandic preschool policy. The aim of the study is to explore how the Icelandic national curriculum guidelines for preschools frame values education and how Icelandic preschool educators are expected to communicate them to preschool children (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). A particular focus is placed on the values of democracy, caring, and competence. These values were chosen because they have been found to form a leitmotif running throughout Nordic curricula for preschools (Einarsdóttir, Puroila, Johansson, Broström, & Emilson, 2015).

The following research questions guided the study:

- What does the national curriculum say about participation and responsibilities of children in the preschool community?
- How is the concept of care presented in the national curriculum?
- What competencies does the national curriculum emphasize?

The study is part of a larger Nordic project, Values education in Nordic preschools: Basis of education for tomorrow, the aim of which is to explore values education from various perspectives, including policy levels, institutional levels, and personal levels. Values are defined as principles that guide human actions and by which ac-

tions are judged to be good or desirable (Halsted & Taylor, 2010). Values education as a concept refers to educational practices through which children are assumed to learn societal values, as well as the norms and skills grounded in those values (Halstead & Taylor, 2000; Thornberg, 2008). The Nordic study applied Habermas's (1987) theoretical ideas of communicative actions, the life-world, and the system. While the life-world is related to an inside perspective; that is, the participant's point of view, the system relates to an outside perspective; that is, the spectator's point of view. Here, the focus is on the system level, namely, the values embedded in Icelandic national curriculum guidelines for preschools.

Thematic research analysis described by Braun and Clarke (2006) inspired the analysis of the curriculum guide. Thematic analysis is characterized by flexibility and involves searching across a data set to identify, analyze, and report patterns. A theme captures important aspects of the data in relation to the research questions and represents some level of meaning within the data set. An inductive analysis was also performed; that is, the themes identified were strongly linked to the data and the coding. In addition to a thematic analysis of the documents, a language-based approach was applied to the study. Key words related to democratic, caring, and competence values were selected, counted and categorized.

The findings of the study provide knowledge about the values of democracy, caring, and competency in the Icelandic national curriculum guidelines for preschools. The findings shed light on how these values are presented in the curriculum and reveal different dimensions and meanings of the three value fields. Democracy is a prominent value in the document. Emphasis is placed on the importance of children not only learning about democracy but also having opportunities to understand and exercise democracy in the preschool setting. Democratic values are, on the one hand, pointed toward the individual and, on the other hand, toward the group. Care is widely discussed in the document and presented both as the fulfillment of basic needs and as an ethical relationship. Emphasis is placed on children learning to show other children respect and empathy as well as their right to experience sympathy and support from others. Concepts connected to competence values are highly prioritized in the curriculum. The competence values concern both a "how" aspect and a "what" aspect of children's learning and development; that is, what children should learn and the methods the preschools should use to support their learning. Competence values concern both sociality and academic skills. Social competence is in the forefront in the curriculum and means interacting with other people, participating in society, and understanding social circumstances. Socio-emotional factors related to the individual, such as the development of self-esteem, self-image, and self-confidence, are also mentioned. Learning areas or content areas of the preschool curriculum are described in the curricular texts, and emphasis is placed on their integration and on meeting the interests of individual children.

Inngangur

... menntun hvers manns verður að metast eftir því hve hæfur hann er til að lifa og starfa í mannlegu félagi, lifa og starfa þannig að líf hans verði með hverjum degi meira virði fyrir sjálfan hann og aðra (Guðmundur Finnbogason, 1994)

Þessa tilvitnun úr bókinni *Lýðmenntun* má túlka á þann veg að höfundur líti svo á, eða það sé gildismat hans, að auk persónulegs þroska felist menntun fyrst og fremst í því hvernig við komum fram við náunga okkar og hegðum okkur í samfélagi fólks. Tilvitnunin tengist viðfangsefni þessarar greinar þar sem velt er upp þeirri spurningu hvaða verðmætum og lífsgildum sé mikilvægast að hlúa að í skólastarfi. Greinin fjallar um rannsókn á þeim gildum sem meðvitað eða ómeðvitað eru sett fram í opinberri stefnumótun íslenskra leikskóla og birtast í Aðalnámskrá leikskóla 2011.

Rannsóknin er hluti af norrænu rannsóknarverkefni, Values education in Nordic preschools: Basis of education for tomorrow, en markmiðið með því var að rannsaka þau gildi sem norrænir leikskólar setja í forgrunn og byggja starf sitt á. Gildi (e. values) voru skilgreind sem leiðarvísir sem stýrir mannlegu hátterni. Samkvæmt þeim eru athafnir metnar góðar eða eftirsóknarverðar (Halstead og Taylor, 2000), þ.e. það sem talið er eftirsóknarvert byggist á gildum eða viðmiðum sem talin eru mikilvæg. Með miðlun gilda (e. values education) er átt við starfshætti og aðstæður þar sem gert er ráð fyrir að börn læri gildi, sem og reglur, venjur og hæfni sem byggist á þessum gildum (Halstead og Taylor, 2000; Thornberg, 2008).

Heildarrannsóknin er byggð á félagsheimspekilegri sýn Jürgens Habermas og skiptingu hans á samfélaginu í tvö meginsvið; lífheim (e. lifeworld) og kerfi (e. system). Lífheimurinn vísar til þess merkingarbæra samhengis sem hjálpar fólki að skilja og túlka umhverfi sitt. Kerfið vísar hins vegar til þess hluta samfélagsins sem ekki er beintengdur borgurunum, svo sem stofnana, hagkerfis og stjórnmála. Þessi tvö hugtök eru notuð til að lýsa ólíkum sjónarhornum á samfélagið. Lífheimurinn tengist innra sjónarhorni, þ.e. sjónarhorni þátttakandans, en kerfið vísar til ytra sjónarhorns, þ.e. þess sem horfir á en tekur ekki þátt (Habermas, 1987).

Í þeirri rannsókn sem hér er lýst er gengið út frá sjónarhorni áhorfandans og skoðað hvernig gildi birtast í stefnumótun Aðalnámskrár leikskóla (2011). Aðalnámskráin er unnin og sett fram innan kerfisins og háð pólitískum ákvörðunum og lögum sem eiga að tryggja reglu í samfélaginu. Gert er ráð fyrir að starfsfólk leikskóla standi fyrir áherslur samfélagsins og miðli gildum í samræmi við þær. Frá sjónarmiði kerfisins felur miðlun gilda í sér leið til að móta börnin í ákveðna átt, sem er skýrð og sett fram sem markmið í Aðalnámskránni.

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á þeim gildum sem sett eru fram í Aðalnámskrá leikskóla og starfsfólki leikskóla er ætlað að miðla til leikskólabarna.

Fyrri rannsóknir

Gildi og miðlun gilda

Gildi eru mikilvægur þáttur menntunar, en miðlun gilda í skólastarfi hefur hins vegar verið takmarkaður gaumur gefinn og fallið í skuggann af aukinni áherslu á námsgreinar og akademíska færni (Bae, 2009; Biesta, 2010; Østrem o.fl., 2009). Líta má á leikskóla sem félagslegan vettvang þar sem gildum er miðlað bæði meðvitað og ómeðvitað (Emilsson og Johannsson, 2009). Í þessari rannsókn er sjónum einkum beint að þremur gildum, lýðræði, umhyggju og hæfni, og skoðað hvernig þau birtast í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Á undanförunum árum hafa í auknum mæli verið gerðar rannsóknir þar sem áhersla er lögð á lýðræðisleg gildi og þá sérstaklega á sjónarmið barna, þátttöku og áhrif (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008; Bae, 2009; Broström, 2006b, 2012; Dockett, 2008; Emilsson, 2007; Jóhanna Einarsdóttir, 2005, 2010). Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að tækifæri barna til að taka þátt og hafa áhrif á leikskólastarf séu oft takmörkuð og háð ýmsum þáttum, eins og viðhorfum starfsfólks, samskiptum barna og fullorðinna, sem og menningu og hefðum leikskóla. Nýlegar rannsóknir á viðhorfum og starfsháttum leikskólakennara benda til þess að það fari eftir aðstæðum, skólabrag og viðhorfum leikskólakennara hvernig og hvort lýðræðislegir starfshættir eru viðhafðir (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2017; Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2012; Juutinen og Viljamaa, 2016; Kristín Karlsdóttir, 2017; Zachrisen, 2016).

Norrænir rannsakendur hafa bent á að starfsfólk leikskóla er gjarnan konur sem byggja starf sitt á umhyggju fyrir börnum og fjölskyldum (Broström og Hansen, 2010; Dahlberg og Moss, 2005). Gert er ráð fyrir að leikskólakennarar skapi umhverfi þar sem andi umhyggju og umönnunar svifur yfir. Rannsóknir hafa sýnt að starfshættir leikskóla stuðla að þessum gildum og lögð er áhersla á að börn og fullorðnir sýni hvert öðru umhyggju og hluttekningu (Broström, 2006a; Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2016; Johannsson, 2011; Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2005; Sigríður Síða Pétursdóttir, 2009; Thronton og Goldstein, 2006). Á undanförunum árum hefur á vettvangi norrænna leikskóla verið leitast við að tengja umhyggju og menntun saman á markvissan hátt (Broström, 2006a; Broström og Hansen, 2010; Johannsson og Pramling Samuelsson, 2001).

Með gildinu *hæfni* er átt við hugmyndir og markmið sem lúta að því hvað og hvernig börn læra. Á undanförunum árum hefur gætt tilhneigingar í átt til meira skipulags og formlegrar kennslu í leikskólum. Auk þess hafa orðið meira áberandi ýmiss konar stöðluð tæki og próf til að mæla tiltekna hæfni barna. Sem dæmi má nefna próf til að mæla málþroska barna og próf til að meta starfshætti og búnað leikskóla. Þetta er alþjóðleg tilhneiging sem farið er að gæta hér á landi sem og annars staðar á Norðurlöndum (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2011; Brogaard Clausen, 2015; Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Karila, 2012; Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016).

Gildi og stefna leikskóla

Í þessari rannsókn er sjónum beint að stefnu stjórnvalda og þeim gildum sem Aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir að leikskólar landsins miðli til barna. Rannsóknir á því hvernig gildi birtast í skjölum um stefnumótun leikskóla eru fremur fátíðar. Alvestad og Pramling Samuelsson (1999) báru saman norsku og sænsku námskránnar og reyndust áherslur þeirra í megindráttum vera svipaðar. Helsti munurinn lá í kristnum hugmyndum norsku námskrárinnar og meiri áherslu á lýðræði í þeirri sænsku. Svipuð greining var gerð á námskrám frá Englandi, Nýja Sjálandi og Reggio Emilia á Ítalíu, þar sem fram kom töluverður munur (Soler og Miller, 2003). Í ensku námskránni var megináhersla á undirbúning fyrir grunnskólanámið, í nýsjálensku námskránni (Te Whariki) var áberandi meiri áhersla lögð á fjölmenningu og menningarlegan margbreytileika, og áhersla á barnið sem virkan þátttakanda með eigin réttindi var áberandi í Reggio Emilia-námskránni. Samanburðarrannsókn á dönsku aðalnámskránni og Te Whariki-námskránni sýndi meiri áherslu á lýðræði í þeirri dönsku (Broström, 2013).

Hluti af verkefninu *Values and Values Education in Nordic Preschools* var samanburður á aðalnámskrám Norðurlandanna. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að námskránnar höfðu margar sameiginlegar áherslur og endurspegluðu norræna leikskólahugmyndafræði (Jóhanna Einarsdóttir og Wagner, 2006; OECD, 2006). Sérstaklega voru skoðuð gildin lýðræði, umhyggja og hæfni sem voru valin vegna þess að komið hefur í ljós í fyrri rannsóknum að þau eru mikilvægur þáttur í hugmyndafræði leikskóla á Norðurlöndum. Niðurstöður leiddu í ljós að lýðræði var áberandi áhersluþáttur. Í finnsku námskránni er hins vegar hugtakið lýðræði ekki notað þó áherslurnar séu sambærilegar. Umhyggja var skilgreind sem annars vegar fullnægging grundvallarþarfa og hins vegar sem siðferðileg (e. ethical) samskipti. Litið er á hæfni sem bæði hæfni til félagslegra athafna og til að takast á við akademíska þætti (Jóhanna Einarsdóttir, Puroila, Johansson, Broström og Emilson, 2015).

Í alþjóðlegum sáttmálum og skjölum hafa verið sett fram gildi sem stefna skuli að í leikskólastarfi. OECD gaf út skýrslu um leikskólamál, *Starting Strong 2*, árið 2006 og varaði þá við aukinni markaðshyggju leikskólastarfs sem var talin stríða gegn jafnstöðu barna og leikskóla fyrir alla þar sem lýðræðisleg gildi og fjölbreytni er höfð í heiðri. Þar var bent á norrænt leikskólastarf sem fyrirmynd og því jafnframt haldið fram að aðalsmerki norræns leikskólastarfs væri áhersla á lýðræði. Um mitt árið 2016 virðast hins vegar hafa skipast veður í lofti hvað varðar áherslur OECD í mál-efnum leikskólans. Samtökin hafa nú kynnt alþjóðlegan mælikvarða til að prófa og bera saman hæfni fimm ára barna. Þetta framtak hefur vakið hörð viðbrögð fræðimanna og er í andstöðu við þá norrænu hugmyndafræði sem sett er fram í fyrri skýrslum OECD (Moss o.fl., 2016)

Rannsóknarspurningar

Fyrri rannsóknir á gildum og miðlun gilda í norrænum leikskólum benda til sameiginlegra þátta, eins og áherslu á öryggi, umhyggju, lýðræði, samskipti, réttindi, aga, sjálfsöryggi og hæfni (t.d. Broström, 2012; Emilson og Johansson, 2009; Fugelsnes, Röthle og Johansson, 2013; Johansson, 2011; Jóhanna Einarsdóttir, 2008; Juutinen og Viljamaa, 2016; Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2016; Puroila o.fl., 2016). Rannsóknir á leiðandi gildum í stefnumótunarplöggum leikskóla eru hins vegar fátíðar. Þessi rannsókn er því viðbót við fyrri rannsóknir og hér er kafað dýpra í það hvernig gildi og miðlun gilda birtist í íslensku aðalnámskránni fyrir leikskóla. Sjónum er beint að sömu þremur flokkum og skoðaðir voru í norrænu samanburðarrannsókninni, þ.e. *lýðræði*, *umhyggju* og *hæfni*, og skoðað hvernig þau birtast í aðalnámskránni. *Lýðræði* er skoðað í samhengi við börn og réttindi þeirra og möguleika á að taka þátt í og hafa áhrif á leikskólasamfélagið. *Umhyggja* vísar til þess að stuðla að velferð annarra. *Hæfni* beinist að hugmyndum og markmiðum um það hvað og hvernig börn læra.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar leiddu rannsóknina:

- Hvað segir námskráin til um þátttöku barna og ábyrgð í leikskólasamfélaginu?
- Hvernig birtist áhersla á hugtakið umhyggja í námskránni?
- Á hvaða hæfni leggur námskráin áherslu?

Aðferð

Markmið rannsóknarinnar var að skoða og greina hvernig gildin lýðræði, umhyggja og hæfni birtast í Aðalnámskrá leikskóla, bæði almennum hluta og þeim hluta sem eingöngu snýr að leikskólanum. Þemagreiningu í anda Braun og Clarke (Braun og Clarke, 2006) var beitt við greiningu gagnanna. Þemagreining einkennist af sveigjanleika og með henni er reynt að leita að og greina mynstur í gagnasafninu. Þemu eru merkingarbærir þættir í gögnunum sem lúta að rannsóknarspurningunum. Þemagreiningin fór fram í nokkrum skrefum sem þó voru ekki línuleg, heldur var farið fram og aftur í ferlinu (Braun og Clarke, 2006). Í fyrsta skrefinu fór fram val á gögnum til að skoða og í samræmi við hin Norðurlöndin var ákveðið að velja Aðalnámskrá leikskóla (2011).

Næsta skref fólst í því að þaullesa aðalnámskrána. Þá var útbúin tafla með þremur dálkum fyrir hvert gildi, einum dálk fyrir dæmi úr námskránum, öðrum fyrir þemu og þeim þriðja fyrir greiningu og túlkun. Í þriðja skrefinu var textinn skoðaður á skipulegan hátt út frá gildunum, lýðræði, umhyggju og hæfni. Litið var á málsgreinar sem greiningareiningu (e. unit of analysis) þannig að málsgreinar þar sem minnst var á einhver þessara gilda voru afritaðar og settar inn í töfluna. Fjórða skrefið fólst í því að lesa málsgreinarnar og búa til kóða eða lykila til að fanga þau þemu sem tengdust gildunum þremur. Á fimmta þrepinu voru þessir lykilar/kóðar flokkaðir, þeim raðað saman og þeir sameinaðir í þemum sem talin voru upp í lokadálki töflunnar. Í þriðja dálkinn voru skráðar túlkanir, ósamræmi og spenna sem kom í ljós í textanum og því til stuðnings voru skráðar beinar tilvitnanir.

Auk þemagreiningar á námskránni var gerð málfarsgreining á textanum. Hyatt (2005) hefur bent á að notkun tungumálsins, þar með talið orðaval, gegni mikilvægu hlutverki við að skapa, skilja og túlka raunveruleikann. Laugharne og Baird (2009) telja að með talningu og flokkun á lykilorðum megi hugsanlega öðlast skilning á menntastefnu. Jafnvel þótt hægt sé að túlka orð á ólíkan hátt, þá gefi bæði há og lág tíðni orða vísbendingar um stefnumótun og það samhengi sem hún verður til í. Með þetta í huga var leitað með MS Word-forritinu að lykilorðum sem tengdust gildunum lýðræði, umhyggju og hæfni. Orð sem flokkuðust undir lýðræðisleg gildi voru: lýðræði, réttindi, þátttaka, samstaða, jafnrétti, áhrif og ábyrgð. Orð sem voru flokkuð sem gildi umhyggju voru: umhyggja, samkennd, vellíðan, samúð, virðing og vernd. Lykilorð sem voru flokkuð undir gildið hæfni voru: hæfni, nám, þroski, vöxtur og leikur.

Niðurstöður

Aðalnámskráin skiptist annars vegar í almennan hluta, sem er sameiginlegur námskrám allra skólastiga, og hins vegar í sértækari hluta sem snýr eingöngu að leikskólanum. Almenni hlutinn er heldur lengri eða 7434 orð en leikskólahlutinn er 6034 orð. Í almenna hlutanum er m.a. fjallað um þá sex grunnþætti sem eiga að mynda kjarna íslenskrar menntastefnu, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Niðurstöður textagreiningar á Aðalnámskrá leikskóla leiddu í ljós að gildin lýðræði, umhyggja og hæfni, sem sjónum er beint að í þessari rannsókn, eru áberandi í stefnumótun íslenskra leikskóla. Tafla 1 sýnir lykilorð sem vísa til þessara gilda og tíðni þeirra í námskránni. Í ljós kom að oftast voru nefnd hugtök sem flokkuð voru undir hugtakið hæfni, þá kom lýðræði og loks umhyggja.

Tafla 1 – Tíðni hugtaka í Aðalnámskrá leikskóla sem falla undir gildin lýðræði, umhyggju og hæfni.

	Almennur hluti (7434 orð)	Leikskóla-hluti (6034 orð)	Alls
Lýðræði (lykilorð: lýðræði, réttindi, þátttaka, samstaða, jafnrétti, áhrif, ábyrgð)	108	54	162
Umhyggja (lykilorð: umhyggja, samkennd, vellíðan, samúð, virðing, vernd)	12	37	45
Hæfni (lykilorð: hæfni, nám, þroski, vöxtur, leikur)	88	99	187

Lýðræði og hugtök sem falla þar undir, svo sem réttindi, þátttaka, samstaða, jafnrétti, áhrif og ábyrgð, eru notuð með reglubundnum hætti í námskránni, eða 108 sinnum í almenna hlutanum og 54 sinnum í leikskólahlutanum. Hugtök sem tengjast umhyggju, svo sem samkennd, vellíðan, samúð, virðing og vernd, eru algengari í leikskólahlutanum og eru nefnd 37 sinnum en aðeins 12 sinnum í almenna hlutanum. Hugtök sem flokkast undir gildið hæfni, eins og nám, þroski, vöxtur og leikur, eru algeng í báðum hlutum og eru alls nefnd 187 sinnum (*Tafla 1*).

Lýðræði

Sex grunnþættir mynda kjarna íslenskrar menntastefnu og er lýðræði einn þeirra. Lýðræði og hugtök sem falla þar undir eru notuð með reglubundnum hætti í námskránni, bæði í almenna hlutanum, sem á við öll skólastig, og í leikskólahlutanum. Bent er annars vegar á ábyrgð skóla á að undirbúa börn fyrir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar á mikilvægi þess að börn taki þátt í lýðræðislegu samfélagi innan skólans, eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnun sem er úr almennum hluta námskrárinnar.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði (bls. 19).

Eins og hér kemur fram er í námskránni ekki einungis lögð áhersla á að börn læri um lýðræði heldur taki jafnframt þátt í lýðræðislegu samfélagi í skólum. Þetta merkir að leikskólar og leikskólakennarar bera ábyrgð á því að veita börnum tækifæri til að bæði þjálfast og skilja lýðræði. Þessi túlkun á lýðræði er sú sama í námskrám allra Norðurlandanna. Þótt finnska námskráin noti ekki hugtakið lýðræði eru áherslurnar þær sömu, þ.e. að samfélag leikskólans skuli stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem áhersla er lögð á réttindi og áhrif barna, samstöðu og jafnrétti. Í leikskólahluta íslensku námskrárinnar segir um þetta:

Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund (bls. 35).

Lýðræðisleg gildi í námskránni beinast annars vegar að einstaklingunum og hins vegar að barnahópnum. Lýðræði sem snýr að barnahópnum og samfélagi leikskólans vísar til fjölbreytileika og virðingar fyrir öðru fólki og leikskólastarfs sem einkennist af samvinnu og jafnrétti milli einstaklinga.

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti (bls. 35).

Umfjöllun um lýðræði sem snýr að einstaklingnum beinist aftur á móti að rétti barnanna til að taka þátt og hafa áhrif á leikskólastarfið og sín eigin viðfangsefni í leikskólanum. Í aðalnámskránni eru réttindi barna sett í forgrunn og börn eru kynnt sem virkir þátttakendur, hæf til að hafa áhrif á skipulag og mat á leikskólastarfi með því að taka frumkvæði og ákvarðanir. „Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt“ (bls. 35).

Þegar skoðað er hvort þess sé getið að réttindum barna fylgi skyldur eða ábyrgð sést að það er fremur fátítt. Í almenna hlutanum er talað um að nemendur beri ábyrgð á eigin námi en í leikskólahlutanum er talað um samábyrgð og að börn læri að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum. Á blaðsíðu 33 segir: „Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.“

Umhyggja

Umhyggja er sett fram sem mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Í leiðarljósum leikskólahluta námskrárinnar er lögð áhersla á að leikskólinn beri ábyrgð á að börnum líði vel og þau séu örugg og fái notið sín í leikskólanum. Þar segir:

Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og hæfni og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna. Leikskólum ber að sinna forvarnarstarfi með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra. Starfsfólk leikskóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins (bls. 32).

Umhyggja er í aðalnámskránni oft tengd *grunnþörfum barna*, svo sem heilbrigði, hreyfingu, næringu, hvíld, öryggi og hreinlæti. Eitt af námssviðunum sem sett eru fram í Aðalnámskrá leikskóla er Heilbrigði og vellíðan. Þar segir m.a.:

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn (bls. 43).

Auk þess sem litið er á umhyggju sem grunnþörf barna er umhyggja sögð vera *mikilvæg fyrir nám barna og þroska*. Umhyggja, uppeldi og nám tvinnast saman í leikskólahluta aðalnámskrárinnar, eins og hér kemur fram.

Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Börnum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans (bls. 32).

Þriðja birtingarmynd umhyggju sem sett er fram í námskránni tengist *siðferðilegum og tilfinningalegum tengslum* milli barna og fullorðinna í samfélagi leikskólans. Samkvæmt aðalnámskránni eiga börn rétt á vernd og leiðsögn og er það ábyrgð og skylda starfsfólks leikskóla að veita börnum umhyggju. Á bls. 33 segir: „Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.“ Jafnframt er lögð áhersla á að börn læri að sýna öðrum samúð og samlíðan, auk þess sem þau eigi rétt á að upplifa samúð og stuðning frá öðrum. Í kafla sem fjallar um mat á leikskólastarfi er tekið fram að meta skuli ekki aðeins nám heldur einnig velferð og líðan barna. Þar segir:

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt dagleg starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna (bls. 46).

Hæfni

Hugtök tengd hæfni koma reglulega fyrir í námskránni. Fjallað er um hvað börn eigi að læra og sömuleiðis hvaða leiðir og aðferðir leikskólinn skuli leggja áherslu á. Þegar farið er í gegnum námskrána og hún greind með það að markmiði að finna þá hæfnipætti sem þar er lögð áhersla á má greina þrjá flokka, þ.e. félagslega og persónulega hæfni auk námslegrar hæfni. Í almennum hluta námskrárinnar segir:

Almenn menntun stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Almenn menntun miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg (bls. 13).

Félagsleg hæfni skipar háan sess í aðalnámskránni og er það í samræmi við námskrár hinna Norðurlandanna. Félagssleg hæfni snýst um að eiga samskipti og samstarf við aðra, taka þátt í samfélaginu og hafa skilning á félagslegum aðstæðum. Jafnframt snýst félagsleg hæfni um samstöðu, samhygð og að virða og skilja sjónarmið annarra. Í leikskólahluta námskrárinnar kemur fram að félagsleg hæfni þjálfist og lærist í daglegum samskiptum í samfélagi leikskólans þar sem hinir fullorðnu veita stuðning og leiðsögn:

Í daglegu starfi leikskóla skal leggja áherslu á umhyggju, tillitssemi og sam hjálp meðal allra í leikskólanum. Jafnframt skal nýta tækifæri sem gefast til að fjalla um samkennd og samlíðan gagnvart öðru fólki. Lögð skal áhersla á að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings og veita börnum stuðning í daglegum samskiptum (bls. 36).

Þó að í námskránni sé lögð mikil áhersla á samskipti og félagslega hæfni sem lærist í daglegum samskiptum innan leikskólans er einnig fjallað um mikilvægi *persónulegrar hæfni*. Áhersla er lögð á jákvæða sjálfsmynd, sjálfsþekkingu og sjálfsöryggi barna. Í almennum hluta námskrárinnar segir að efla þurfi færni nemenda „... í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun“ (bls. 21) og í leikskólahlutanum segir „Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings“ (bls. 33).

Auk félagslegrar og persónulegrar hæfni er í námskránni fjallað um námslega hæfni. Annars vegar er námssviðum leikskólans lýst (hvað) og hins vegar náms- og kennsluáðferðum (hvernig). Námssviðin eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Áhersla er lögð á samþættingu þessara sviða, eins og fram kemur á bls. 41.

Námssvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

Í samræmi við hefðir norræns leikskólastarfs er gert ráð fyrir að börn læri í gegnum leik. Um það segir: „Leikur er meginnámsleið barna ... Námssvið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmið þeirra við leik“ (bls. 37). Leik er í námskránni lýst sem órjúfanlegum þætti bernskuáranna og þungamiðju leikskólastarfsins.

Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar (bls. 37).

Í námskránni er einnig lögð áhersla á að nám barna fari fram í samvinnu við önnur börn og fullorðna. „Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum“ (bls. 36). Hlutverk leikskólakennara er að styðja nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi, gefa leik nægt rými og tíma, styðja sjálfspottnar athafnir og áhuga, eiga samskipti við börnin og mynda tengsl við þau og styðja efla jákvæð samskipti í leik.

Samantekt og umræða

Markmið rannsóknarinnar var að skoða og greina þau gildi sem sett eru fram í Aðalnámskrá leikskóla. Sjónum var einkum beint að gildunum lýðræði, hæfni og umhyggju sem voru valin vegna þess að þessi gildi mynda rauðan þráð í norrænum leikskólanámskrám (Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2015). Líta má á það sem takmörkun rannsóknarinnar að einungis voru skoðuð þessi þrjú gildi, en það er í samræmi við Norrænu rannsóknina sem þessi grein byggist á. Aðalnámskrá er stefnumarkandi pólitískt plagg sem samkvæmt Habermas (1987) stendur fyrir kerfið. Líta má á þau gildi sem þar eru sett fram sem leið samfélagsins til að tryggja öllum börnum jafnan rétt til gæðamenntunar. Starfsfólk leikskóla er hluti af lífheiminum ef vísað er til kenninga Habermas. Því ber að uppfylla áherslur námskrárinnar og samfélagsins og miðla viðurkenndum gildum samfélagsins til barnanna.

Lýðræði er einn af þeim grunnþáttum íslenskrar menntastefnu sem settir eru fram í námskrám allra skólastiga. Eins og í öðrum Norrænum leikskólanámskrám er lýðræði áberandi þráður í Aðalnámskrá leikskóla. Þar er gildið lýðræði sett fram út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar er lögð áhersla á lýðræðislegt uppeldi og vísað til ábyrgðar kennara á því að kenna og miðla lýðræðislegum gildum. Áhersla er á framtíðina og miðað að því að barnið alist upp sem lýðræðislegur einstaklingur og verði það. Hins vegar er litið á lýðræði í raun og verki, þ.e. að börn búi við lýðræðislegt umhverfi og taki þátt í lýðræðissamfélagi í leikskólanum. Gert Biesta (2011) hefur sett fram gagnrýni á aðferðir sem miða að því að kenna borgaravitund. Í stað kennslu lýðræðislegra gilda leggur hann áherslu á að börn læri lýðræði með þátttöku í lýðræðislegu skólasamfélagi. Samkvæmt námskránni skulu börn því bæði upplifa lýðræði hér og nú, og að auki skal gildum miðlað á markvissan hátt með það að markmiði að þau verði lýðræðislegir borgarar. Þessi tvö sjónarhorn má hugsanlega líta á sem andstæður. Þ.e. annars vegar að hinn fullorðni miðli til barnanna æskilegum gildum og hins vegar að litið sé á börn sem virka einstaklinga og þátttakendur. Spennu á milli þessara sjónarmiða má t.d. greina þegar gert er ráð fyrir að börn séu virkir þátttakendur í að skipuleggja nám sitt en á sama tíma verður vart aukinnar áherslu á samræmd próf og mat í leikskólum. Þetta er í samræmi við nýlegar rannsóknir á þátttöku barna sem benda til þess að það fari eftir aðstæðum og viðhorfum hvernig og hvort lýðræðislegir starfshættir eru viðhafðir í leikskólum (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2017; Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2012; Juutinen og Viljamaa, 2016; Kristín Karlsdóttir, 2017; Zachrisen, 2016). Í námskránni má einnig greina ólík sjónarmið hvað varðar áherslur annars vegar á einstaklinginn og hins vegar á samvinnu og samstöðu. Frá sjónarhóli einstaklingsins vísar lýðræði til persónulegra réttinda og tækifæra til að taka ákvarðanir, velja og hafa áhrif á daglegt líf í leikskólanum. Lýðræði með áherslu á heildina og samstöðu tengist á hinn bóginn samfélagi leikskólans, samvinnu og fjölbreytileika. Áhersla er ekki eingöngu á þátttöku og réttindi einstaklingsins heldur einnig samábyrgð og sameiginlega ákvarðanatöku.

Umhyggja er ríkur þáttur í námskránni og er það í samræmi við norrænar rannsóknir (Brost-röm, 2006a; Johansson, 2011; Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2005; Sigríður Síta Pétursdóttir, 2009). Umhyggja er í námskránni ekki einungis skilgreind sem uppfylling þeirrar grundvallarþarfar að líða vel og vera öruggur heldur vísar umhyggja þar einnig til siðferðislegra og tilfinningalegra tengsla milli einstaklinga. Velliðan barna í leikskólum er því háð umhyggju og tilfinningalegum tengslum milli einstaklinganna sem þar eru, að þeir sýni hver öðrum virðingu, samkennd, tillitssemi og vernd. Þetta er í samræmi við sjónarmið Noddings (1992) sem lítur á það sem grundvallarþörf mannsins að njóta umhyggju og veita umhyggju, þ.e. að við þurfum öll á því að halda að okkur sé sýnd umhyggja og að við höfum einnig þörf fyrir að sýna öðrum umhyggju. Það er á ábyrgð hins fullorðna að byggja upp samfélag umhyggju í skólum.

Í námskránni er einnig litið svo á að umhyggja sé mikilvæg fyrir nám barna og þroska, og þannig er áréttað það sjónarmið að í leikskólum fari fram bæði uppeldi og nám. Enska hugtakið „educare“ hefur verið notað til að lýsa slíkum starfsháttum og hugmyndafræði. Þessi áhersla er í samræmi við hugmyndir Goldstein (1999) en hún hefur fjallað um umhyggju í skólastarfi og borið saman kenningar Vygotsky um „svæði mögulegs þroska“ og kenningar Noddings um umhyggju. Hún setur fram þá hugmynd að stuðningur hins fullorðna á „svæði mögulegs þroska“ þurfi að fela í sér umhyggju til að nám fari fram. Þannig skipar umhyggja mikilvægan sess í námi barna.

Hæfni er algengt hugtak í aðalnámskránni. Gildið hæfni vísar bæði til þess hvað börn eiga að læra í leikskóla og hvaða aðferðir skuli nota til að kenna þeim. Í leikskólahluta námskrárinnar er aug-

ljós áhersla á að börn læri í gegnum leik, og það er í samræmi við norræna leikskólahefð. Hvað varðar innihald, eða hvað börn eigi að læra, virðist þeirrar alþjóðlegu tilhneigingar að leggja aukna áherslu á akademíska þætti ekki gæta í Aðalnámskrá leikskóla. Hæfniþættir námskrárinnar snúa að félagslegri og persónulegri hæfni auk námslegrar hæfni. Félagssleg hæfni lýtur að samskiptum og samstarfi við aðra en persónuleg hæfni snýst um jákvæða sjálfsmynd og sjálföryggi. Námslegri hæfni er lýst með námssviðunum læsi og samskiptum, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindum og sköpun og menningu sem eiga að fléttast saman í leikskólalastarfinu. Íslenska aðalnámskráin virðist því ekki vera undir áhrifum frá nýfrjálsbyggjuhugmyndum í leikskólalastarfi, sem hafa verið töluvert ræddar og gagnrýndar að undanförmu. Ekkert í námskránni gefur til kynna að auka skuli frammistöðumat á börnum þó að blikur séu á lofti um að þess sé farið að gæta í framkvæmd (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2011; Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016).

Í framhaldi af þessari rannsókn væri áhugavert að kanna hvernig sú stefna sem sett er fram í aðalnámskránni er í framkvæmd. Mikilvægt er að gefa því gaum og skoða hvort ósamræmis gæti milli stefnumörkunar og starfshátta eins og nýlegar íslenskar rannsóknir gefa til kynna. Jafnframt er frekari rannsókna þörf til að kanna hvaða áhrif námskráin hefur haft á starfshætti í leikskólum landsins frá því að hún gekk í gildi árið 2011.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3952>

Alvestad, M. og Pramling Samuelsson, I. (1999). A comparison of the national preschool curricula in Norway and Sweden. *Early Childhood Research and Practice*, 1(2). Sótt af <http://ecrp.uiuc.edu/v1n2/alvestad.html>

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2008). Af því að við erum börn. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólalastarfi* (bls. 49–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannung.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2011). Prófrek í leikskólum? *Skólavárðan*, 11(1), 24–26.

Bae, B. (2009). Children's right to participate: Challenges in everyday interactions. *European Early Childhood Education Research Journal*, 17(3), 391–406. doi:10.1080/13502930903101594

Biesta, G. (2010). *Good education in an age of measurement: Ethics, politics, democracy*. Boulder, Colorado: Paradigm Publishers.

Biesta, G. (2011). *Learning democracy in school and society: Education, lifelong learning, and the politics of citizenship*. Boston: Sense Publishers.

Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101.

Brogaard Clausen, S. (2015). Schoolification or early years democracy? A cross-curricular perspective from Denmark and England. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 16(4), 355–373. doi: 10.1177/1463949115616327

Broström, S. (2006a). Care and education: Towards a new paradigm in early childhood education. *Child and Youth Care Forum*, 35(5–6), 391–409. doi 10.1007/s10566-006-9024-9

Broström, S. (2006b). Children's perspectives on their childhood experiences. Í J. Einarsdóttir og J. T. Wagner (ritstjórar), *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy, and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden* (bls. 223–256). Connecticut: Information Age.

Broström, S. (2012). Children's participation in research. *International Journal of Early Years Education*, 20(3), 257–269.

- Broström, S. (2013). Understanding Te Whāriki from a Danish perspective. Í J. Nutall (ritstjóri), *Aotearoa New Zealand's Early Childhood Curriculum document in theory and practice* (bls. 240–258). Wellington: New Zealand Council for Educational Research.
- Broström, S. og Hansen, O. H. (2010). Care and education in the Danish crèche. *International Journal of Early Childhood*, 42(2), 87–100.
- Dahlberg, G. og Moss, P. (2005). *Ethics and politics in early childhood education*. London: RoutledgeFalmer.
- Dockett, S. (2008). Hlustað á raddir barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 33–46). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Emilson, A. (2007). Young children's influence in preschool. *International Journal of Early Childhood*, 39(1), 11–38.
- Emilson, A. og Johansson, E. (2009). The desirable toddler in preschool. Values communicated in teacher and child interaction. Í J. B. D. Berthelsen og E. Johansson (ritstjórar), *Participatory learning in the early years: Research and pedagogy* (bls. 61–77). New York: Routledge, Taylor & Francis Group.
- Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2017). Leikskóli til lýðræðis: Hlustað á raddir barna og þau studd til áhrifa í daglegu lífi – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Námsgvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 123–154). Reykjavík: RannUng, Háskólaútgáfan.
- Fugelsnes, K., Røthle, M. og Johansson, E. (2013). Values at stake in interplay between toddlers and teachers. Í O. F. Lillemyr, S. Dockett og B. Perry (ritstjórar), *Varied perspectives on play and learning: Theory and research on early years education* (bls. 109–125). Charlotte, North Carolina: Information Age.
- Goldstein, L. S. (1999). The relational zone: The role of caring relationships in the co-construction of mind. *American Educational Research Journal*, 36(3), 647–673.
- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun: hugleiðingar og tillögur*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson. (2012). Viðhorf tveggja leikskólakennara og aðferðir við valdeflingu leikskólakennara. *Tímarit um menntarannsóknir*, 9(1), 112–131.
- Habermas, J. (1987). *The theory of communicative action. Lifeworld and system: A critic of functionalist reason* (Upphaflega gefið út 1981). Boston: Beacon Press.
- Halstead, J. M. og Taylor, M. J. (2000). Learning and teaching about values: A review of recent research. *Cambridge Journal of Education*, 3(2), 169–202.
- Hyatt, D. 2005. A critical literacy frame for UK secondary education contexts. *English in Education*, 39(1): 43–59
- Ingibjörg Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2016). An action research study in an Icelandic preschool: Developing consensus about values and values education. *International Journal of Early Childhood*, 48(2), 161–177. doi: 10.1007/s13158-016-0161-5).
- Johansson, E. (2011). Moral discoveries and learning in preschool. Í N. Pramling og I. P. Samuelsson (ritstjórar), *Educational encounters: Nordic studies in early childhood didactics* (bls. 127–139). New York: Springer Science Business Media.
- Johansson, E. og Pramling Samuelsson, I. (2001). Omsorg - en central aspekt av förskolepedagogiken: Exemplet måltiden. *Pedagogisk Forskning i Sverige*, 6(2), 81–101.

- Jóhanna Einarsdóttir. (2005). We can decide what to play! Children's perception of quality in an Icelandic playschool. *Early Education and Development*, 16(4), 469–488.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Children's and parents' perspectives on the purposes of playschool in Iceland. *International Journal of Educational Research*, 47(5), 283–291.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Children's experiences of the first year of primary school. *European Early Childhood Education Research Journal*, 18(2), 163–180. doi:10.1080/1350293X.2014.969087
- Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Opportunities and challenges in Icelandic early childhood education. Í Charlotte Ringsmorse og Grethe Kragh-Müller (ritstjórar), *Nordic social pedagogical approach to early years* (bls. 63–72). Switzerland: Springer.
- Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2005). Hvernig tala leikskólastjórar um leikskólann? *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 53–67.
- Jóhanna Einarsdóttir, Puroila, A.-M., Johansson, E., Broström, S. og Emilson, A. (2015). Democracy, caring and competence: Values perspectives in ECEC curricula in the Nordic countries. *International Journal of Early Years Education*, 23(1), 94–114. doi: 10.1080/09669760.2014.970521
- Jóhanna Einarsdóttir og Wagner, J. T. (ritstjórar). (2006). *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy, and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden*. Greenwich, CT: Information Age.
- Juutinen, J. og Viljamaa, E. (2016). A narrative inquiry about values in a Finnish preschool: The case of traffic lights. *International Journal of Early Childhood*, 48(2), 193–207.
- Karila, K. (2012). A Nordic perspective on early childhood education and care policy. *European Journal of Education*, 47(4), 584–593.
- Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Privatization of early childhood education in Iceland. *Research in Comparative and International Education*, 11(1), 80–97. doi: 10.1177/1745499916631062
- Kristín Karlsdóttir. (2017). *Children's learning processes in two preschools*. (doktorsritgerð). Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Laugharne, J. og Baird, A. (2009). National conversations in the UK: using a language-based approach to interpret three key education policy documents (2001–2007) from England, Scotland and Wales. *Cambridge Journal of Education*, 39(2), 223–240.
- Moss, P., Dahlberg, G., Grieshaber, S., Mantovani, S., May, H., Pence, A. ... Vandebroek, M. (2016). The Organisation for Economic Co-operation and Development's International Early Learning Study: Opening for debate and contestation. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 17(3), 343–351. doi:10.1177/1463949116661126
- Noddings, N. (1992). *The challenge to care in schools: An alternative approach to education*. New York: Teachers College.
- OECD. (2006). *Starting strong II: Early childhood education and care*. Paris: Höfundur.
- Puroila, A.-M., Johansson, E., Estola, E., Emilson, A., Einarsdóttir, J. og Broström, S. (2016). Interpreting Values in the Daily Practices of Nordic Preschools: A cross-cultural analysis. *International Journal of Early Childhood*, 48, 2), 41–159. doi:10.1007/s13158-016-0163-3
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2009). Blíft bros og hlýtt framlag: um viðhorf leikskólakennara til umhyggju í leikskólastarfi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 129–144.
- Soler, J. og Miller, J. (2003). The struggle for early childhood curricula: A comparison of the English Foundation Stage Curriculum, Te Whāriki and Reggio Emilia. *International Journal of Early Years Education*, 11(1), 57–68, doi: 10.1080/0966976032000066091.

Thornberg, R. (2008). The lack of professional knowledge in values education. *Teaching and Teacher Education Sciences*, 24(7); 1791–1798.

Thornton, C. D. og Goldstein, L. (2006). Feminist issues in early childhood scholarship. Í B. Spodek og O. N. Saracho (ritstjórar), *Handbook of Research on the Education of Young Children* (bls. 515–531). London: Lawrence Erlbaum.

Zachrisen, B. (2016). The contribution of different patterns of teachers' interactions to young children's experiences of democratic values during play. *International Journal of Early Childhood*, 48(2), 179–192. doi:10.1007/s13158-016-0166-0

Østrem, S., Bjar, H., Føsker, L. R., Hogsnes, H. D., Nordtømme, S. og Tholin, K. (2009). *Alle teller mer. En vurdering av hvordan Rammeplan for barnehagens innhold og oppgaver blir innført, brukt og erfart*. Tønsberg: Høgskolen i Vestfold.

Um höfund

Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is) er sviðsforseti Menntavísindasviðs HÍ og próffessor í menntunarfræðum ungra barna. Hún er einnig heiðursdoktor við Háskólann í Oulu í Finnlandi. Hún hefur stundað rannsóknir í leik- og grunnskólum um árabíl og ritað fjölda fræðigreina og bóka um efnið. Sérsvið hennar eru rannsóknir með börnum, samfella í námi barna og starfendarannsóknir. Hún er þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum bæði sem rannsakandi og ráðgjafi. Jóhanna situr í stjórn European Early Childhood Education Research Association.

Efnisorð

leikskóli, námskrá, gildi, hæfni, lýðræði, umhyggja

About the author

Johanna Einarsdottir (joein@hi.is) is a Professor of Early Childhood Education and the Dean of School of Education, University of Iceland. She holds an Honorary Doctorate from the University of Oulu in Finland. She has been involved in several international research projects as a researcher and a consultant and published together with international colleagues. Her areas of expertise are educational transitions, children's perspectives and action research. Johanna Einarsdottir is on the EECERA Board of Trustees.

Key words

preschool, curriculum, values, competences, democracy, caring

Rannsóknin var unnin með styrkjum frá Nord Forsk-áætluninni „Education for Tomorrow“ (verkefni 264370) og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur, doktorsnema við Menntavísindasvið, eru færðar þakkir fyrir aðstoð við gagnaöflun.



Jóhanna Einarsdóttir. (2017).

Lýðræði, umhyggja og hæfni í Aðalnámskrá leikskóla.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2017 – Innsýn í leikskólastarf

Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/02